

**1. Haustið og skólaupphaf Urriðaholtsskóla.**

Þorgerður Anna fjallar um helstu fréttir varðandi fyrstu vikur haustsins. Í skólanum eru nú 214 leikskólabörn á aldrinum 2-5 ára á 8 heimasvæðum og 149 grunnskólabörn á aldrinum 6-12 ára á þremur heimasvæðum. Mönnun hefur gengið vel á grunnskólastigi en enn er verið að leita að fólki til að bætast í hópinn á leikskólastigi. Góður andi er heilt yfir í skólanum þó greina megi álag á starfsfólki á leikskólastigi vegna mikillar fjölgunar þar. Þá eru starfsfólk og börn að aðlagast nýjum aðstæðum á heimasvæðum Holts og Hamars.

**2. Ársskýrsla skólaárið 2020-2021 lögð fram til samþykktar og umsagnar**

Farið yfir ársskýrslu síðasta skólaárs, sérstök áhersla lögð á niðurstöðu innra mats í skólanum og þá úrbótaáætlun sem þar liggur frammi. Ársskýrsla talin endurspegla það starf sem foreldrar upplifðu að færu fram á skólaárinu, skýrslan samþykkt án annara athugasemda.

**3. Starfsáætlun skólaárið 2021-2022 lögð fram til samþykktar og umsagnar**

Fjallað um ársáætlun skólans og endurbætta úrbótaáætlun og áætlun um innra mat á skólaárinu. Fjallað um niðurstöður Lesfimi á skólaárinu sem og niðurstöður Skólapúlsins og þær vísbendingar sem eru uppi um að jákvætt viðhorf barna til skólans fari saman við góðar lestrarniðurstöður. Tekið skal fram að hér er um vísbendingar að ræða og ekki hægt að fullyrða þar um. Kallað eftir að skólinn vinni áætlun um læsi og birti á heimasíðu sem skólastjórnendur taka undir. Rætt um lestrarnámskeið foreldra barna í 1. bekk sem stendur fyrir dyrum. Ársáætlun samþykkt.

**4. Framkvæmdir í húsi á skólaárinu**

Upplýst um þær framkvæmdir sem liggja fyrir. Húsgögn fyrir bókasafn að berast í hús og áætlað er að bókasafn opni formlega á nýju ári. Unnið er að því að færa tímabundið eldhús í færanlegt húsnæði á skólalóð til að rýma anddyri sem snýr út á skólalóð. Mikilvægt að þeirri framkvæmd sé lokið áður en framkvæmdir við næsta byggingaáfangu hefjast í febrúar miðað við áætlun.

**5. Væntanlegar framkvæmdir við skólann – næsti byggingaráfangi**

Miðað við verkáætlun mun framkvæmd við næsta byggingaráfanga fara í útboð í desember og framkvæmdir hefjast í febrúar. Áætlað að framkvæmdum verði lokið í maí 2023. Rýnt í teikningar á nýjum áfanga en þar munu bætast við fjögur heimasvæði, matsalur/hátíðarsalur, varanleg list- og verkgreinaaðstaða, félagsmiðstöð, eldhús og aðstaða fyrir stoðþjónustu.

**6. Önnur mál enginn.**

**Fundinn sátu:**

Þorgerður Anna Arnardóttir, Una Guðrún, Ásta Kristín Ingólfssdóttir, Jón Söring, Hrafn Guðbrandsson, Þórey Huld Jónsdóttir, Margrét Magnúsdóttir,